

# Persónuleikaröskun

Í geðsjúkdómaflórunni eru þrír stærstu flokkarnir geðveiki (psykosis), hugsýki (neurosis) og persónuleikaraskanir (personality disorders).

Fjölbreytni mannlífsins býður upp á alls kónar manngerðir sem betur fer. Við erum einræn eða mannblendin, örlynd eða jafnlynd, tilfinningasöm eða hardlynd. Það er ekki fyrir en þessi skapgerðareinkenni fara að víkja verulega frá viðteknum umgengnisvenjum í samfélaginu og hafa truflandi áhrif á annað fólk og aðlögun viðkomandi einstaklings að um persónuleikaröskun geti verið að ræða. Það er sérstaklega einkenni persónuleikaraskana, ólíkt því sem er í hugsýki eða geðveiki, að einkenni þeirra eins og þau koma fram í atferli viðkomandi einstaklings, koma niður á öðru fólk, jafnvel samféluginu sem slíku, fremur en honum sjálfum. Hann lagar sig illa að síðum og reglum, hefur laka stjórн á hvötum sínum og löngunum og á erfitt með að tengjast öðrum nánum tilfinningaböndum. Hann er hins vegar oftast í eðlilegum veruleikatengslum og hugsun hans er rökræn. Flestar eða allar tegundir persónuleikaraskana hafa sem megin einkenni truflanir eða þroskastöðnun í geðtengslamynjun. Oftast líður honum bærilega með sína skapgerð og skynjar ekki hve truflandi áhrif hann hefur á aðra.

Persónuleikaröskun getur tekið á sig margar myndir. Hún getur komið fram í því hvernig menn hugsa og skynja, viðhorfi til annars fólks og túlkun á atburðum. Hún getur komið fram í tilfinningalegri tjáningu, samskiptum við aðra og stjórн á eigin löngunum og hvötum. Hin afbrigðilegu skapgerðareinkenni þurfa að hafa verið til staðar frá unglingsárum eða lengur til þess að örugglega megi greina þau sem persónuleikatrufun.

Alþjóðleg flokkun geðsjúkdóma hefur

breyst talsvert á undanförnum áratugum. Ekki á þetta síst við um persónuleikaraskanir. Fyrir fáum áratugum var þeim skipt annars vegar í psykopatia, sem á íslensku var nefnd geðvilla, og hins vegar í skapgerðartruflanir af ýmsu tagi, sem voru vægari gerð og skyldari hugsýkinni. Geðvilla var gjarnan talin meðfædd, en skapgerðartruflanir orðnar til fyrir áhrif umhverfis og uppeldis. Í geðvillu fólst oftast andfélagsleg hegðun, siðblinda og samviskuleysi. Orðið psykopat var iðulega notað sem skammaryrði. Nú er það ekki notað lengur, en andfélagslegur persónuleiki er sérstakur arftaki þess.

Í nýjustu útgáfu af bandarískra sjúkdómaflokkunarkerfinu, DSM-IV, sem er hvað mest notað sem viðmiðun um þessar mundir eru skilgreindar 11 tegundir persónuleikaraskana. Í nýjasta flokkunarkerfi Alþjóða heilbrigðistofnunarinnar, ICT-10, er flokkun og skilgreining persónuleikaraskana svipuð, en hér verður þó stuðst við DSM-IV. Mörgum þykir að í báðum þessum flokkunarkerfum sé reynt sé að greina á milli of margra tegunda, enda skarast þessar gerðir, þar sem sami einstaklingurinn hefur oft einkenni margra tegunda. Íslensk heiti persónuleikaraskana eru enn nokkuð á reiki, en hér verður að nokkru stuðst við íslenskar þýðingar á ICD-10 eftir Örn Bjarnason o.fl. gefið út af Orðabókarsjóði læknafélaganna.

## Aðsóknar (paranoid) persónuleikaröskun

Einkenni þessarar röskunar er tortryggji út í annað fólk og tilhneiting viðkomandi til að túlka allt sem sagt er eða gert á verri veg, þannig að það sé merki um illgirni gagnvart sér. Tiltekin fjöldi einkenna þarf að vera til

staðar til greiningar á þessari röskun og eru þessi þau helstu: Hann grunar án þess að ástæða sé til að aðrir vilji nota sig, blekkja sig eða gera sér illt. Hann efast stöðugt um tryggð og heiðarleika vina sinna eða samstarfsmanna gagnvart sér. Hann trúir öðrum ekki fyrir hugmyndum sínum af ótta við að þær séu not-aðar gegn honum. Hann les ógnandi eða niðurlægjandi merkingu úr orðum annarra. Hann ber kala og gremju til annarra og fyrirgefur ekki minnstu ávirðingar gagnvart sér. Honum finnst hann stöðugt verða fyrir árásum annarra, án þess að aðrir sjá tilefnið, og er fljótur að bregðast við með reiði eða gagnáras. Hann óttast stöðugt að maki hans haldi framhjá honum, án sjáanlegrar ástæðu.

Paranoid einkenni koma fyrir í öðrum geðsjúkdómum, t.d. í schizophrenia, en þar eru skýrari truflanir á hugsun og rofin tengsl við veruleikann. Einnig má sjá paranoiu í öðrum sjúkdómsmyndum, t.d. hjá flikniefnaneytendum og fólki með byrjandi elliglöp.

Paranoia byggist á varnarhættinum frávarpi, og felst í því að afneita tiltekinni kennd hjá sjálfum sér, en láta ekki þar við sitja heldur varpa kenndinni yfir á aðra: Ég er reiður út í þig, en viðurkenni það ekki. Í stað þess sný ég því upp á þig: Pú ert reiður út í mig og vilt mér illt. Pess vegna hef ég ástæðu til að tortryggja þig og snúast til varnar. Frávarp er vanþroska varnarháttur, sem alltaf felur í sér brenglun á veruleikanum.

### **Kleyfhuga (schizoid) persónuleikaröskun**

Einræna getur farið út fyrir viðtekin mörk og nefnist þá persónuleikaröskun af kleyfhugagerð, sem er ekki það sama og geðklofi. Hún lýsir sér í mikilli ómannblendni og snauðum geðbrigðum. Viðkomandi hefur enga þörf eða ánægju af mannlegum samskiptum, jafnvel ekki innan eigin fjölskyldu. Hann hefur fá áhugamál, sem hann iðkar í einrúmi, hefur líttinn áhuga fyrir kynlífi, er lítt næmur fyrir hrósi eða gagnrýni og er almennt í litlum geð-

tengslum við annað fólk. Hann lifir gjarnan í óraunsæjum dagdraumum og hefur oft undarlegar hugmyndir, þótt veruleikaskyn hans sé ekki rofið eins og í geðveiki.

Pessi röskun á rætur í vanþroska geðtengslum og á skylt við einhverft (autistiskt) stig í geðtengslum hjá ungum börnum. Aðrir starfshættir sjálfssins eru þó ekki að marki truflaðir, eins og gerist í geðklofa. Veruleikaskyn og hugsun er oftast innan eðlilegra marka, þótt sjúklingar af þessu tagi hafi oft undarlegar hugmyndir og komi einkennilega fyrir.

### **Geðklofalík (schizotypal) persónuleikaröskun**

Pessi tegund röskunar er um margt mjög lík kleyfhugaröskun en er miklu nær geðklofa í einkennum sínum. Hún einkennist einnig af erfiðleikum í geðtengslum og miklum kviða í nánum samskiptum. Pessir sjúklingar eru oft mjög kontakt-hraeddir. Meðal einkenna þeirra eru aðsóknarhugmyndir, sem jaðra við ranghugmyndir, undarlegur, oft magiskur hugsunarháttur, sem m.a. kemur fram í hjátrú ýmis konar og trú á innri mátt sinn til að hafa áhrif á aðra, fjarskynjun og skyggnigáfu. Peir eru oftast vinalausir utan nánustu fjölskyldu og treysta ekki öðrum.

Pessi röskun á sér rætur í stöðnuðum geðtengslum á frumstigi (autismus). Oft eru þessir sjúklingar greindir sem jaðar geðklofar (borderline schizophrenia), en skortir nægilega skýr einkenni hvað snertir hugsantruflanir og veruleikatengsl. Stundum þróast ástand þeirra yfir í geðklofa.

### **Andfélagsleg (antisocial) persónuleikaröskun**

Einhver alvarlegasta tegundin er persónuleikatrufun af andfélagslegri gerð, sérstaklega af því að hún kemur verst niður á öðrum. Hún einkennist einmitt af tillitsleysi við aðra og hneigð til að brjóta á öðrum í eiginhagsmunu-

skyni. Virðingarleysi fyrir siðum, reglum og lögum er áberandi og því komast þeir oft í kast við lögin og geta jafnvel verið síbrotamenn. Ofbeldi er ekki óalgengt, ef það á einhvern hátt þjónar þeirra stundarhagsmunum. Peir beita gjarnan lygum og blekkingum og geta með persónutöfrum oft gefið af sér trúverðuga mynd. Peir hafa litla stjórn á löngunum sínum, framkvæma fljótt það sem þeim dettur í hug, en sjá ekki fyrir afleidögarnar og læra ekki af reynslunni. Peir hafa grunnar tilfinningar, hafa ekki samúð með öðrum nema á yfirborðinu, hafa ekki hæfileika til að tengjast öðrum tilfinningaböndum og ástarsambönd verða því gjarnan skammvinn. Samviskuleysi og siðblinda eru megineinkenni þeirra. Stundum ná slíkir menn langt í þjóðfélaginu, ef þeir eru greindir og þeim heppnast að komast í valdastöður.

Komið hafa fram nokkur sjónarmið og kenningar í sálfræði um móton siðgæðiskenndar mannsins. Í atferlisfræðinni er ekki lagt síðferðilegt mat á hegðun nema að því leyti að rétt síðferði séu þeir siðir og reglur sem gilda í viðkomandi samfélagi á hverjum tíma. Barnið lærir að tileinka sér þessar siðareglur eftir lögmalinu um umbun og refsingu, þannig að börn læra þá hegðun sem „borgar sig“. Grunnnámið fer fram í bernskufjölskyldunni, þar sem börnini hafa einkum foreldra sína sem fyrirmyn dir og reyna að líkja eftir þeim og gera gildi þeirra að sínum. Með því öðlast þau umbun sem viðheldur „rétrri“ hegðun. Petta er einn mikilvæg asti þáttur félagsmótunar.

Próun siðgæðiskenndar eftir kenningum sálkönnunar felur einnig í sér félagsmótun, en þótt flest beri þar að sama brunni er hugtakanotkun og forsendur aðrar. Par gegnir yfirsjálfid lykilhlutverki. Í fyrstu ræðst hegðun barnsins af stjórnlitum frumhvötum, en það er háð ást og umhyggju foreldra sinna og reynir því að semja sig að kröfum þeirra og tileinka sér gildi þeirra og fær fyrir það umbun í formi viðurkenningar, ástar og öryggis í staðinn. Pannig er yfirsjálfid í fyrstu persónugert í for eldrunum. Smám saman innhverfast þessi gildi

og verða hluti af barninu sjálfu, samviska þess eða siðgæðisvitund, og yfirsjálfid verður nokkurs konar siðgæðisvörður.

Foreldrar og aðrir nánustu skipta því meginmáli fyrir móton siðgæðisvitundar og sjálfsvitundar barnsins í heild. Misjafnt er hve farsæl þessi móton verður. Stundum eru kröfur foreldranna svo strangar og ósveigjanlegar að barnið fær ekki að þroska sína eigin samvisku og yfirsjálfid stendur ávallt utan þess eigin sjálfss og heldur áfram að vera persónugert í strangleika foreldranna og kannske síðar í lögum og reglum samfélagsins. Hjá öðrum eru foreldrarnir veikar fyrirmyn dir og veita barninu ekki þá leiðsögn sem því er nauðsynlegt til að það þroski með sér eigin siðgæðisvitund. Oft stafar það af því að foreldrarnir hafa ekki sjálfir fengið nöga ást og öryggi í sínum uppvexti og hafa ekki af nögu að miðla til barnsins og tengjast þeim ekki tilfinningalega. Stundum nær þá barnið ekki að þroska tilfinningar sínar eða temja hvatir sínar og lætur stjórnast af þeim. Geðtengslaþroskinn staðnar á hinu sjálflaega (narcissistiska) stigi, þar sem barnið hefur lært að notfæra sér aðra, en kann ekki að gefa af sjálfu sér á móti. Síðar meir kann þessi einstaklingur að verða sjálfmiðaður, tillitslaus við aðra og hegðun hans stjórnast af því að skara eld að eigin köku. Pegar slík persónueinkenni verða mjög áberandi og afbrigðileg geta þau flokkast undir persónuleikaróskun af andfélagslegri gerð, þar sem siðblinda er eitt megineinkennið.

Allur þorri fólks hefur þroskaða siðgæðisvitund og samvisku og finnur til samviskubits ef það gerir eitthvað rangt. Hvatið eru þó ágengar undir niðri og stundum sefur siðgæðisvörðurinn á verðinum. Þá er mörgum hætt við breyskleika. Kynlif, peningar og völd er það sem flestum hættir til að falla fyrir. Pað getur verið erfitt að temja holdið og freistaingarnar liggja alls staðar í leyni. Flestum finnust þá skorti peninga, hversu mikla sem þeir hafa fyrir, og þeim sem hafa með höndum vörslu eða ráðstöfun fjár er sérstaklega hætt, eins og mýmorg dæmi sanna. Valdahvötin er ekki sú

veikasta af þessum þremur. Hana má strax sjá í leikjum barna, þar sem sumir sýna það sem koma skal og byrja snemma að „panta að ráða.“ Oftast er um tímabundna síðblindu að ræða, þegar menn ganga á rétt náunga síns eða brjóta viðteknar reglur og síðalögþmál samfélagsins. En veiti þessi hegðun nægilega umbun til lengri tíma, „borgi sig“, er hætt við að hún festist í sessi og síðgædisvitundinni sé ýtt til hliðar.

### **Borderline persónuleikaröskun**

„Borderline“ persónuleikaröskun er tiltölulega nýr flokkur meðal persónuleikaraskana og hefur verið að mótask á undanförnum 20 árum, en er í dag með algengustu tegundum truflana af þessu tagi. Eins og nafnið bendir til er þetta sjúkdómsástand á einhvers konar jaðarsvæði í geðsjúkdómakerfinu og þá helst á milli geðveiki (psykosis) og hugsýki (neurosis). Íslensk heiti á þessu sjúkdómsheilkenni, t.d. hambrigðapersónuleikaröskun og jaðarheilkenni, hafa enn ekki náð fótfestu í málinu. Sumir telja þessa greiningu jafnvel ofnotaða, en einkenni hennar eru mjög blönduð. Samkvæmt DSM-IV eru megin einkenni þessarar persónuleikaröskunar óstöðugleiki í mannlögum samskiptum, óljós sjálfsmynd, stjórnlitlar tilfinningar og hvatvísi. Sjálfseyðileggjandi hegðun er algeng, svo sem stjórnlaus eyðsla, óhóflegt kynlíf, ofneysla áfengis og lyfja, ofát. Sjálfsvígstilraunir eða hótanir um slíkt eru algengar og einnig eiga sjúklingar með þessa greiningu til að skaða sjálfa sig líkamlega. Tilfinningasveiflur eru miklar, allt frá miklu þunglyndi og kvíða, sem á það síðan til að hverfa að skömmum tíma liðnum, en viðvarandi er tómleikakennd. Pessir sjúklingar eiga oft erfitt með að hafa stjórn á reiðtilfinningu, kenna öðrum um og finnst fólk vera á móti sér.

Petta eru margvísleg einkenni sem koma fyrir í öðrum tegundum persónuleikaraskana og reyndar öðrum geðsjúkdómum. Eitt öruggasta skilmerkið sem liggar að baki hinum ýmsu einkennum, er líklega hin óvissa sjálfss-

mynd einstaklingsins. Hann á erfitt með að afmarka sig, landamæri hans gagnvart öðru fólk eru óviss. Sjálf (ego) hans er veikt. Hann hefur því oft tilhneigingu til að verða háður öðrum, þarfnað annarra og leitar eftir nánd, sem hann á þó erfitt með að nýta sér. Pótt persónueinkenni sjúklingsins komi niður á öðrum, er óhætt að segja, að hann er yfirleitt sjálfum sér verstur.

### **Geðhrifa (histrionics) persónuleikaröskun**

Önnur og ólík tegund persónuleikatrufunar er skyld sefasýkinni og kemur fram í ýktum geðbrigðum og athyglissýki. Slíkum einstaklingum líður illa ef þeir eru ekki miðpunktur athyglinnar í samkvæmum og nota öll ráð til að draga að sér athyglina. Framkoma þeirra gagnvart öðrum hefur oft á sér mjög kynferðislegt yfirbragð. Karlar með þessa röskun segja af sér frægðarsögur og gera oft mikið úr kvenhylli sinni, sem oftast hefur lítið á bak við sig. Peir eru hástemmdir og sýna ýktar og yfirborðslegar geðshraeringar og geðbrigði og almennt leikræna framkomu.

Sefasýkin er talin eiga upptök sín í óleystri Ödipal-duld og mótið af forboðnum kynferðislegum óskum í gard föður eða móður. Við lausn Ödipal-duldarinnar verða til gagnkvæm geðtengsl fyrir tilverknað samsömunar. Festist einstaklingurinn í Ödipal-duldinni nær hann ekki að komast af hinu sjáflæga (narcissistiska) stigi geðtengsla, þannig að þessi röskun er náskyld sjáflægri persónuleikaröskun hér á eftir.

### **Sjáflæg (narcissistisk) persónuleikaröskun**

Í grískri goðafræði er sagt frá konungssyninum Narcissusi, sem var svo hrifinn af sjálfum sér að hann gat ekki elskat nokkra konu. Hann lá öllum stundum á vatnsbakka og dáiðist að spegilmynd sinni í vatnsfletinum uns hann varð þar til og breyttist í blómið narcissus,

vatnalilju. Sigmund Freud notað þessa goðsögn, eins og svo margar aðrar úr grískri goðafræði, til þess að varpa ljósi á þroskaferil mannsins, í þessu tilviki á tengslamyndum barnsins við annað fólk. Strax eftir fæðingu leitast barnið við að fullnægja eðlislægum þörfum sínum, svo sem með því að sjúga brjóst móður sinnar. Smám saman myndast við hana og aðra nánustu í umhverfi barnsins vísl að tilfinningatengslum. Það lærir að þiggja af öðrum, krefjast og heimta, og notfæra sér aðra á eicingjarnan og tillitslausan hátt, en kann ekki að gefa af sjálfu sér. Heimur barnsins er ekki stór, en hann snýst í kringum barnið sem er í miðju hans. Pessi einhliða geðtengsl eru ein kennandi fyrir börn að jafnaði fram undir 3ja ára aldur, og hefur þetta þroskastig verið nefnt narcissistiskt eða sjálflaegt stig. Eftir það hafa þau að jafnaði öðlast nægilegan tilfinningabroska til þess að geta farið að mynda gagnkvæm geðtengsl við aðra, þ.e. bæði að þiggja og gefa af sjálfum sér og sýna öðrum ást og tillitssemi. Á þessum árum mótask sjálfsmynndin og lagður er grunnurinn að samskiptum við annað fólk síðar á lífsleiðinni.

Sumir ná hins vegar ekki að þroskast nægilega vel upp úr hinu sjálflaega þroskastigi og sjálfsmynnd þeirra, tilfinningatengsl og hegðun ber þess merki í meira eða minna mæli allt fram á fullordningsár. Peir eru ákaflega sjálfmiðaðir og sjálfumblaðir, hafa lítið innsæi í eigið sálarlíf og á sama hátt eiga þeir erfitt með að setja sig í spor annarra og taka tillit til þeirra. Peir eiga erfitt með að taka gagnrýni og sjá yfirleitt ekki sök hjá sjálfum sér. Pegar þessir eiginleikar verða mjög áberandi í fari manns, sérstaklega ef þeir hafa truflandi áhrif á samskipti hans við annað fólk, flokkast það undir persónuleikaröskun.

Hverjar eru ástæður þess að menn festast í óþroskaðri sjálfsmynnd og bernskuvíðbrögðum? Margar skýringar hafa verið settar fram og trúlega eiga þær mismunandi vel við eftir einstaklingum. Í fyrsta lagi eru menn misjafnlega af guði gerðir og ákveðnir persónueiginleikar hafa meiri tilhneigingu til að koma fram hjá

einum heldur en öðrum af þeim sökum. Í öðru lagi kennir sálkönnun að meiri háttar áfall eða truflun á tilfinningasviði barnsins á tilteknu þroskaskeiði geti leitt til stöðmunar í tilfinningabroska. Það gæti m.a. verið fólgisíði í því að viðkomandi hefur ekki fengið eðlilegum tilfinningabörfum sínum fullnægt sem barn, og leitar því stöðugt eftir þeim á svo barnslegan hátt. Skapgerðareinkenni hans stafa þá af öryggisleysi og vanmetakennd. Í þriðja lagi gætu viðbrögð og sjálfsmynnd af þessu tagi hafa fengið óvenju mikla styrkingu frá foreldrum og fjölskyldu barnsins, og af þeim sökum festst í sessi. Börn á aldrinum 2ja til 3ja ára eru oftar en ekki augasteinarnir í fjölskyldunni, iðulega fordekruð og fá það að tilfinninguna að þau séu mest og best. Að sjálfssögðu er mikilvægt að styrkja sjálfsmynnd og sjálfssálit barnsins, en getur þó gengið út yfir hæfileg mörk, ef barnið fær ekki raunsæja mynd af sjálfa sér fram eftir öllum aldri.

### **Hliðrunar (avoidant) persónuleikaröskun**

Einkenni þessarar röskunar eru einkum hlédrægni í félagslegum samskiptum, vanmetakennd og mikil viðkvæmni fyrir gagnrýni. Fólk með þessa röskun forðast störf sem hafa í för með sér mikil samskipti við aðra vegna ótta við gagnrýni eða höfnun. Peir þora ekki að blanda geði við fólk nema vera vissir um að fólk liki vel við þá. Peir þora yfirleitt ekki að taka neina áhættu í félagslegu tilliti.

Sjálfsmynnd þessara einstaklinga er mjög neikvæð og stundum óskýr. Þá skortir öryggiskennd, sem aftur kann að mega rekja til ófullnægjandi geðtengsla og uppörvunar í bernsku. Peir kunna að hafa hæfileika til heilbrigðra geðtengsla, en þora ekki að láta á það reyna.

### **Hæðis (dependent) persónuleikaröskun**

Einstaklingar sem greinast með þessa röskun hafa sterka þörf fyrir að vera háðir öðrum, láta

aðra taka á sér ábyrgð og hugsa fyrir sig. Aðskilnaðarkvíði er áberandi og þessi einkenni koma fram snemma í bernsku. Peir eiga erfitt með að taka ákvárdanir um hversdagsleg atriði og fá aðra til að taka ábyrgð á flestu sem þeir gera. Á sama hátt eiga þeir ekki frumkvæði að neinu vegna skorts á sjálfstrausti. Þeim líður illa og eru hjálparlausir þegar þeir eru einir og eru haldnir miklum ótta um að vera ekki færir um að bjarga sér á eigin spýtur.

Hér er óskýr sjálfsmynd og öryggisleysi áberandi eins og í síðastnefndu röskuninni.

### **Práhyggju-áráttu (obsessive-compulsive) persónuleikaröskun**

Pessir einstaklingar eru uppteknir af reglusemi og smámunum, haldnir fullkomnumaráráttu á kostnað sveigjanleika og víðsýni. Peir eru uppteknir af smáatriðum, þannig að þeir sjá ekki skógin fyrir trjánum. Peir taka vinnuna fram yfir tómstundir og vináttutengsl. Peir eru yfir sig samviskusamir og kreddubundnir. Peir eiga erfitt með að henda gömlum hlutum og sanka því að sér hlutum. Peir eru varfærnir í eyðslu og oft nískir.

Munurinn á þráhyggju-áráttu sem persónuleikaröskun annars vegar og sem hugsýki hins vegar, er fyrst og fremst sá að sem persónuleikaröskun er þetta lífsstíll, sem veldur ekki kvíða nema sé brugðið út af honum. Í hugsýkinni eru það einkennin (t.d. sífelldur handþvottur, eða þörf yfir að hafa auga með öllu) sem veldur sjúklingnum vanlíðan og óþægindum.

Samkvæmt sálkönnum má rekja þráhyggju-áráttu hegðun til sjálfflæga (narcissistiska) skeiðsins í geðtengslum. Einkum er það skýrt út frá anal stiginu í kynlífsþróun, sem einkennist af því að halda í sér (t.d. hægðum, þvagi) í samskiptum við móður eða foreldra. Petta er hluti af sjálfstæðisbaráttunni, fyrra þrjóskuskeiði, en barnið er talið hafa staðnað á þessu þroskaskeiði, ef þráhyggju-áráttu hegðun verður mjög áberandi síðar á ævinni.

### **Önnur persónuleikaröskun**

Petta er persónuleikaröskun með blandaðri einkenni, sem ekki er hægt að flokka undir aðrar tegundir. Hér má nefna **punglyndis persónuleikaröskun** og **passive-aggressive persónuleikaröskun**, en hin síðarnefnda er meðal algengustu greininga af þessu tagi.

Passive-aggressive persónuleikaröskun kemur fram í vanmetakennd sem leitar útrásar annaðhvort í því að upphefja sjálfan sig eða kenna öðrum um. Samskipti við aðra einkennast af innibirgrði gremju, sem leitar annað hvort út á óbeinan hátt með t.d. þrjósku, undirröðri eða álíka hegðun (passiv), eða á beinan ágengan hátt, t.d. í reiðiköstum eða jafnvél ofbeldi (aggressive). Stjórn á hvötum er ábótavant, hvort sem það er á passivan hátt með því að láta undan löngunum sínum, eða á opinn eða aggressivan hátt.

Rekja má truflanir þessar til ófullnægjandi geðtengsla, óvissrar sjálfsmynnar og öryggisleysi í bernsku.

Eins og sjá má skarast einkenni hinna mismunandi persónuleikaraskana mjög. Þær eiga sér nokkra samnefnara, sérstaklega erfiðleika í geðtengslum, sem skýra má með stöðnun á ákveðnum þroskastigum í bernsku, en einnig óskýra sjálfsmynd og öryggisleysi, sem gerir þá háða öðrum, eins og borderline röskuninni og hædis-röskuninni. Lök stjórn á hvatalífinu er einnig áberandi í mörgum persónuleikaröskunum, ekki síst andfélagslegri röskun og passiv-aggressiv-röskun. Sumar þeirra bera með sér skyldleika við og fara stundum saman við ákveðnar tegundir hugsýki eða geðveiki, en meginmunurinn er yfirleitt sá að í persónuleikatrufun eru þessi einkenni orðin hluti af persónugerð mannsins, en ekki óþægileg, utan-aðkomandi ógnun við persónuna, vanlíðan sem hann vill losna við, eins og er í hugsýki eða geðveiki.

*Gylfi Ásmundsson er fostöðusálfræðingur  
á geðdeil Landspítalans*